

Tilskipun

Nr. 10
28. maí.

um

tilhögun og starfsemi hinnar dansk-íslensku ráðgjafarnefndar.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Ísland og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt dansk-íslenskum sambandslögum 30. nóvbr. 1918 setjum Vjer hjermeð eftirfarandi nánari fyrirmæli um tilhögun og starfsemi nefndar þeirrar, er um getur í 16. grein laganna:

1. gr.

Í hinni dansk-íslensku ráðgjafarnefnd eru eigi færri menn en 6, og eigi fleiri en 8, annar helmingurinn kosinn af Ríkisþingi Danmerkur og hinn helmingurinn af Alþingi Íslands.

Kosningar þessar fara fram eftir þeim reglum, sem settar eru hvoru þinganna.

2. gr.

Nefndarmenn skulu kosnir til 8 ára, þó þannig, að fyrsta kjörtímabil útrennur 30. nóvember 1926. Nú verður autt sæti, og skal þá svo fljótt sem unt er kosinn maður í það. Ef nefndarmaður um skemmi eða lengri tíma er frá því að taka þátt í störfum nefndarinnar, svo og meðan hann er ráðherra, getur Ríkisþing eða Alþingi sömuleiðis kosið varamann um stundarsakir í hans stað.

3. gr.

Ef tálmun er á því einhverju sinni, að Ríkisþing eða Alþingi leysi af hendi kosningu þá, er getur í 2. gr., tilefna forsætisráðherrar Dana og Íslendinga, hvor fyrir sitt leyti, menn til þess að gegna störfum í nefndinni þangað til kosningar geta farið fram eða reglulegur nefndarmaður tekur aftur sæti sitt.

4. gr.

Hin danska og íslenska deild nefndarinnar kys hvor um sig forseta sinn fyrir eitt ár í senn. Forsetarnir stýra fundum nefndarinnar til skiftis,

Nr. 10
28. maí

5. gr.

Nefndin kemur að minsta kosti saman einu sinni á ári, venjulega til skiftis í Kaupmannahöfn og í Reykjavík og skulu forsetar hinnar dönsku og íslensku deildar, eftir því sem á stendur, kveðja alla nefndarmenn á fund. Nefndin á ennfremur fund er konungur æskir, að hún sje samankvödd til þess að leggja mál fyrir hana til meðferðar.

6 gr.

Sjerhvert lagafrumvarp, sem varðar nánari meðferð mála þeirra, er um ræðir í sambandslögunum, og lagafrumvörp um sjersmål annars hvors ríkisins, sem einnig varða hitt ríkið og stöðu og rjettindi þegna þess, skal hlutaðeigandi stjórnarráð leggja fyrir nefndina til álita áður en þau eru lögð fyrir Ríkisþing eða Alþingi, nema það sjerstaklega miklum vandkvæðum bundið. Nefndinni ber að gera tillögur um breytingar á þeim frumvarpsákvæðum, sem hún telur koma í bága við hagsmuni annarshvors ríkisins eða þegna þess.

Nefndin hefur ennfremur það hlutverk, annaðhvort eftir tilmælum stjórnanna eða af eigin hvötum, að undirbúa samning lagafrumvarpa, er miða að samvinnu milli ríkjanna og samræmi í löggjöf þeirra, og að taka þátt í samvinnu um sameiginlega löggjöf Norðnrlanda.

7. gr.

Nefndin ákveður sjálf starfsreglur sínar.

8. gr.

Þóknun sambandsnefndarmanna skal ákveðin af hinu danska og hinu íslenska fjárveitingarvaldi hvoru um sig handa sínum nefndarmönnum; á sama hátt skal ákveðið um greiðslu annars kostnaðar, sem starf nefndarinnar kann að hafa í för með sjer.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaluborg, 28. maí 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.